

# Stök

8:20

Það er kalt í veðri og laufblöðin falla af trjánum í þörum tvö og tvö saman og lenda svo mjúklega á moldugri götunni í miðbæ Reykjavíkur. Ég labba eftir frosnum göngustígnum og fylgist með fallegu laufblöðunum og hvernig þau dansa í vindinum. Eins og þau séu að dansa sinn seinasta dans áður en þau falla á götuna í opinn dauðann. Það er eitthvað fallett við það hvernig haustlitirnir verða skýrir þegar himininn er svona grár. Rauðu og gulu laufin lita umhverfið. Það er nánast eins og ég sé að labba inn í fallega málverkinu sem hangir í forstofunni hennar ömmu. Ég horfi upp í himininn og sé hvernig gufan frá andardrætti mínum hverfur út í loftið, ég reyni að anda frá mér þreytunni og geng áfram eftir stígnum. Ég horfi yfir tjörnina og sé fallegu frostkristalana við tjarnarbakkann. Það hefur verið frost í nótt hugsaði ég og sá allt í einu friðsælt og virðulegt svanaþar synda við hinn enda bakkans. Þeir synda svo nálægt hver öðrum að það er nánast eins og þeir séu einn. Ég fylgist með þeim þar sem það er eins og þeir svífi á vatninu, nánast eins og englar af himnum ofan.

8:24

Ég lít á símann og sé að klukkan er 24 mínútur gengin yfir 8. Ég róta um í veskinu mínu og leita af litlu þráðheyrnartólunum mínum þar til ég loks finn þau þar sem þau voru neðst í veskinu krumpuð í litla flækju. Ég reyni að losa hnútin á snúrunni en gefst loks upp og leyfi honum að vera og set tólin í eyrun og kveiki á fyrsta spilunarlistanum sem ég finn. Lagið *sweet* með hljómsveitinni *cigarettes after sex* byrjar að spila. Ég elska þetta lag, það er svo fallett sérstaklega á svona köldum haustmorgni. Ég byrja að raula á meðan ég labba framhjá fallegu pari sem situr á bekk við tjörnina og nýtur morgunloftsins. Ég sé hvernig þau halda utan um hvort annað og tala saman og hlæja hvort af öðru og hvernig gufan frá andardrætti þeirra sameinast í kuldunum þar til hún hverfur út í loftið. Þau haldast í hendur bæði klædd fallegum þrjónuðum vettlingum líklegast þrjónum af sömu manneskjunni þar sem þrjónamistrið er eins. „*It's so sweet, knowing that you love me, though we don't need to say it to each other sweet*“ raula ég á meðan ég labba framhjá þessu myndar pari. Ég lít við öxl og sé til þar sem þau kyssast og horfa svo yfir tjörnina á ný.

8:28

Hér labba ég ein um í kuldunum, stök, óbundinn annarri manneskju. Ég finn hvernig tilfinningin heltekur mig, það er nánast eins og ég sé tóm að innan, eins og þessi eina skrifborðskúffa í vinnunni sem gegnir þeim tilgangi að halda utan um allskyn skýrslur og pappíra en er tóm. Af hverju? Ég veit það ekki. Í byrjun sumars var hún full af allskyns skýrslum og gögnum sem ég deildi með öðrum þar til ég tæmdi hana og hef ekki sett neitt í hana síðan. Kannski er ást eins og skrifborðsskúffa. Stundum er hún full af

allskyns hlutum sem þú getur deilt með ördum en stundum er hún tóm, því ef þú gefur allt sem í henni er verðu ekkert eftir fyrir þig að njóta.

8:30

Ég labba inn í bakaríð og fæ mér sæti við gluggan sem snýr að götunni. Ég legg frá mér veskið og tek af mér trefilinn og fer svo og panta mér latte með örlítilli karmellu. Ég labba svo aftur að borðinu mínu og tilli mér. Lagið *Iris* með *The Goo Goo Dolls* byrjar að spilast í heyrnatólunum mínum og ég ósjálfrátt byrja að raula með á meðan ég horfi út um gluggan að bíða eftir einhverju spennandi að gerast „*You 'er the closest to heaven that I'll ever be, and I don't wanna go home right now*“. Svo er einhver sem potar í mig ég og ég hrekk í kút og lít við og sé myndarlegan þjón standa yfir mér haldandi á kaffibolla í annari hendinni. Þjónninn segir eitthvað en það eina sem ég heyri er rödd John Josephs syngjandi í eyrunum mínum þegar ég átta mig á því að ég er enþá með tólin í eyrunum. Ég tek þau út „fyrirgefðu ha?“ segji ég ringluð. „Ég elska þetta lag, *The Goo Goo Dolls*, er það ekki?“. Ég kinka kolli til hans og hann leggur kaffibollann á brúna viðarborðið og lítur á heyrnatólin mín sem liggja þar. „Það er hnútur á heyrnatólunum þínum, má ég?“ spyr hann og bendir á heyrnatólin. Aftur kinka ég kolli og hann tekur þau upp og losar hnútinn í rólegheitum. „Svona, klappað og klárt“ segir hann og leggur þau aftur við hlið kaffibollans. „Eitthvað fleira fyrir þig fróken“ spyr hann og brosir. Ég hrissti hausinn neitandi, af hverju tala ég ekki?, hvað er að mér? Þessi myndarlegi og kurteisi þjónn er að spyrja mig hvort ég vilji eitthvað fleira og ég svara honum ekki, hverslags dóni er ég. Hann brosir og byrjar að labba í burtu. „Bíddu!“ kom þetta ú túr mér? Hann snýr sér við og horfir á mig með falletgu brúnu augunum sínum svo þetta hlaut að hafa komið út úr mér. „Hérna... hva hvað heitirðu“ segi ég, held ég? „Jóel“ segir hann og brosir „en þú?“ „Beta“ svara ég og finn hvornig ég hitna öll í framan, er ég að roðna? „Sæl Beta, gaman að kynnast þér, vonandi sé ég þig aftur, og heyrðu ég bið að heisla John Joseph“ segir hann og flissar og labbar svo aftur að afgreiðsluborðinu. Ég brosi til að hans snýr mér svo að falletga kaffibollanum mínum sem situr einn á borðinu. Falletg brún froða með hvítu mjólkur hjarta situr við brúnir bollans. Ég set heyrnatólin aftur í eyrun og lagið heldur áfram að hljómar. Svo tek ég sopa af heita kaffinu mínu og lít út um gluggann og fylgist með rauðu og gulu haustlaufunum falla til jarðar eitt og eitt. „*And I don't want the world to see me, cause I don't think that they'd understand, when everything's made to be broke, I just want you to know who I am*“.

8:52

Ég labba inn á skrifstofuna þar sem ég vinn og fæ mér sæti við skrifborðið mitt og horfi á tómu skrifborðsskúffuna. Ég opna hana og legg þar frá mér kvittunina úr bakaríinu. Núna er skúffan mín ekki lengur tóm hugsa ég, núna hef ég eitthvað fyrir sjálfan mig að njóta.